



# Lyftarar

## Efnisyfirlit

### Inngangur

1. Almenn
2. Notkunarleiðbeiningar
3. Búnaður
4. Notkun
5. Viðhald
6. Stjórnandi

### Inngangur

Leiðbeiningarnar eru gefnar út samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þeim er ætlað að stuðla að því að vinnuskilyrði verði í samræmi við markmið og kröfur laganna. Þess er vænst að leiðbeiningarnar gagnist bæði starfsmönnum og stjórnendum á þeim mörgu vinnustöðum þar sem lyftarar eru í notkun; auðveldi fyrirtækjum að fullnægja því ákvæði vinnuverndarlaganna að gætt sé fyllsta öryggis á vinnustað og verkstjórum að fullnægja þeirri skyldu sinni að sjá um að allur búnaður sé í góðu lagi og öruggt skipulag ríkjandi á þeim vinnustöðum sem þeir hafa umsjón með.

Í „Leiðbeiningum um vinnuvernd“ er greint frá því hvernig atvinnurekendur, verkstjórar og starfsmenn geta uppfyllt þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í gildandi lögum og reglum um

vinnuvernd á því sviði sem leiðbeiningarnar taka til. Þær eru því ekki lagalega bindandi fyrir atvinnurekanda; í þeim er aðeins bent á leiðir til að uppfylla lagaskyldur.

Jafnframt bera leiðbeiningarnar vitni um hvaða kröfur eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins gera um vinnutilhögun og öryggisráðstafanir við vinnu, tæki og búnað sem um er fjallað.

## 1. Almenn

Gerð og búnaður lyftara skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um hann í lögum, ásamt ákvæðum í reglum sem um hann gilda.



## 2. Notkunarleiðbeiningar

Þegar lyftari er afhentur, seldur eða leigður skulu fylgja honum leiðbeiningar á íslensku um stjórnun hans, notkun og viðhald. Leiðbeining-

arnar skulu að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vera festar á lyftarann, t.d. skal vera á honum lyftitafla sem greinilega sést á frá stjórnstað lyftarans.

### 3. Búnaður

Lyftarinn skal vera með þaki eða öryggisgrind, FOPS, sem ver stjórnandann fyrir hlutum sem fallið gætu á hann.

Undantekningar frá þessu eru:

1. Lyftarar sem ekki geta lyft hærra en 1,80 m og eingöngu eru notaðir þar sem vöru er ekki staflað hærra en í 2,25 m hæð miðað við efsta hluta vöru.
2. Lyftarar sem stjórnandinn gengur á eftir eða stendur á, sé stjórnstaður þannig gerður að hann hindri ekki stjórnandann í að víkja sér undan hlutum sem kunna að falla.


Séu lyftarar notaðir þar sem umferðarlög gilda skal búnaður þeirra uppfylla gildandi reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim.

### 4. Notkun

Notkun lyftara skal vera í fullu samræmi við það sem hann er gerður fyrir og hann notaður með fyllstu aðgát.

Ekki má nota lyftarann hafi einhver öryggisbúnaður eða hlifar verið fjarlægðar.

Ekki má yfirlesta lyftarann eða gaffla hans.



Ekki má nota gaffla lyftarans beint eins og kranakrök til að lyfta með þeim.

Allan aukabúnað, s.s. framlengingu á gaffla, klemmu, spjót eða kranaarm, skal nota samkvæmt leiðbeiningum þess sem lét búnaðinn í té og þess skal gætt að stöðugleiki lyftarans sé nægilegur og að hann verði ekki yfirlestaður. Framleiðandi aukabúnaðar skal láta fylgja honum leiðbeiningar um notkun og burðargetu.

Farþega má aðeins flytja á lyftara sem gerður er til farþegaflutninga.



Lyftarar eru ekki gerdir til að lyfta fólki. Þó má heimila slíkt sé farið eftir leiðbeiningum um vinnuvernd nr. 3 1991; *Að lyfta fólki með lyftara.*



Þegar ekið er með byrði skal slaka göfflunum niður undir gölf og halla mastri lyftarans aftur.

Þegar lyftari er ekki í notkun skulu gafflar hans vera niður við gölf.

Lyftara skal ekið afturábak þegar byrðin hindrar útsýni og þegar ekið er niður halla.



Lyftara má eingöngu nota þar sem notkun hans hefur ekki hættu í för með sér. Undirlagið sem lyftarinn er notaður á, t.d. vegur, gólf eða lyfta, verður að bera lyftarann ásamt fullri byrði hans. Sé einhver vafi um burdargetu undirlagsins skal leita álits sérfróðra aðila. Ökuleiðir eiga að vera merktar og nauðsynlegt getur verið að á þeim sé einstefnuakstur.



Lyftara með brunahreyfli má ekki nota innandyra nema loftræsting sé það góð að engin hættu sé á að starfsmenn eða stjórnandi lyftarans verði fyrir heilsutjóni af útblæstri hans. Almennt verður að vera vélræn loftræsting þar sem lyftarar með brunahreyfli eru notaðir innandyra.

Mengun frá útblæstri brunahreyfils má ekki fara yfir þau mörk sem sett eru í gildandi reglum um mengunarmörk. Sé grunur um að mengun frá útblæstri sé yfir mörkum skal láta gera mengunarmælingar.

Ekki er nauðsynlegt að vélræn loftræsting sé

vegna notkunar lyftara innan dyra sem drifnir eru með rafgeymi. Vélræn loftræsting verður að vera þar sem rafgeymar lyftara eru hlaðnir, sjá leiðbeiningar um vinnuvernd nr. 1 1990; *Hleðsluklefar fyrir rafgeyma.*

## 5. Viðhald

Lyftara skal haldið þannig við að hann sé ávallt í öruggu ástandi. Farið skal eftir leiðbeiningum framleiðanda hvað varðar viðhald og eftirlit.

Vinnueftirlit skoðar lyftara einu sinni á ári en eigandi hans eða umráðamaður skal sjá til þess að reglulega sé fylgst með ástandi hans.



Stýri, hemlar, hjólbarðar, flauta og ljósabúnaður skal alltaf vera í lagi, það sama gildir um brunahreyfla í lyfturum.

Gafflar og keðjur sem bera þá skulu alltaf vera í lagi, slit þessara hluta skal mæla minnst einu sinni á ári komi ekki annað fram í leiðbeiningum framleiðanda.

Lyftaragaffla skal skoða reglulega með tilliti til sprungna og affögunar. Ekki mega aðrir gera við gaffla en þeir sem á því hafa sérfræðipækkingu. Eftir viðgerð skal prófa gafflana samkvæmt viðurkenndum stöðlum undir umsjón viðurkennds aðila.

Skipt skal um gaffla ef slit þeirra er orðið 10% miðað við upprunalegt mál þeirra.

Ekki er heimilt að gera við slit á keðjum. Þó er heimilt að skipta um einstakan hlekk eða hlekk hafi þeir orðið fyrir áverka. Nota verður sérstaka hlekk sem til þess eru ætlaðir.




## 6. Stjórnandi

Stjórnandi lyftara skal hafa tilskilin réttindi sbr. gildandi reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum. Stjórnandi lyftara skal fá fræðslu um aðstæður á vinnustað, t.d. burðargetu undir-


lags, umferðarleiðir, sérstakar umferðarreglur og stöflun vöru.

Stjórnandi skal upplýstur um ábyrgð sína og skyldur varðandi vörumeðferð og stöflun. Hann getur hlotið refsingu fyrir óvandaða stöflun vöru, óvarlegan akstur og akstur undir áhrifum lyfja eða áfengis.


### Rétt aðferð við meðferð og stöflun vöru með lyftara




1  
Vöru lyft




2  
Mastri hallað aftur




3  
Ekið áram



4  
Mastur sett í lóðrétta stöðu; vöru lyft



5  
Ekið að vörustæðu



6  
Vöru slakað

Sé verið að taka vöru úr stæðu skal viðhafa sömu aðferðir, en í öfugri röð.